

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Grund í Skorradal, 27. september 2025

Efni: Kæra vegna lögmæti og framkvæmdar kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór dagana 5. – 20. september 2025. Jafnframt er óskað úrskurðar ráðuneytisins á drætti og aðgengi undirritaðs að gögnum tengt samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna með vísan til sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps.

Undirritaður verður, vegna starfa sinna og ábyrgðar sem sveitarstjórnarmanns, að fá úr því skorið hvort farið hafi verið eftir settum reglum og lögum í starfi samstarfsnefndar, kjörstjórnar og sveitastjórnar beggja sveitarfélaga er varðar framkvæmd og undirbúning nýliðinnar íbúakosningar. Kæra þessi er lögð fram til eftirbreytni vegna framtíðar viðræðna og kosninga samkvæmt sveitarstjórnarlögum og reglugerðar um íbúakosningar. Er því kærð lögmæti sameiningarkosningar sbr. 8 m.gr. 133 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

A)

Við lok kosninga, lýsing og kærufrestur.

Í 3. mgr. 5. gr reglugerðar um íbúakosningar kemur fram að kjörstjórn skuli skila skýrslu til sveitarstjórna um framkvæmd kosninga, fjöldi kjörstaða, opnunartíma, fjöldi ónotaðra kjörseðla o.s.frv. Núna sjö dögum eftir kosningar hefur sú skýrsla ekki borist til sveitarstjórnanna. Vegna þessa er búið að skerða kæruréttinn allverulega fyrir sveitastjórnunum, sveitastjórnarmönnum eða almenningi ef einhverjir vankantar eru á framkvæmd kosninga, afgreiðslu vafa atkvæða eða annarra álitamála. Ég tel það áhyggjuefni að ef skýrsla kjörstjórnar berst eftir lok kærufrests þá sé búið að taka lýðræðislegan rétt kjósenda að kæra niðurstöðu kosninganna, enda er skýrsla kjörstjórnar lykilgagn við mat á lögmæti kosninganna.

Einnig geri ég athugasemd við það, að á heimasíðu beggja sveitarfélaga má sjá niðurstöður kosninganna en kjörstjórn fór ekki eftir d lið 5.gr. reglugerðarinnar sem fjallar um Stjórnsýslu íbúakosninga. Kemur þar skýrlega fram að kjörstjórn birta skal niðurstöður kosninga opinberlega en hvergi er að finna slíka tilkynningu með undirritun kjörstjórnar. Í þessari opinberu tilkynningu, með undirritun sameiginlegrar kjörstjórnar, á að koma fram hvenær kosningu sé lýst, þ.e.a.s. tímasetning og hvaða dagur. Við það væri ljóst hvenær

kærufrestur rann út, samkvæmt 21. gr. reglugerðar um íbúakosningu. Eins áður kom fram, hefur engin opinber tilkynning borist frá kjörstjórn, hvorki til sveitarstjórnar né sveitarstjórnarmanna í Skorradalshreppi í dag 27. september 2025. Ég veit að kjörstjórn kom saman mánudaginn, 22. september sl. til að fara yfir atkvæði og telja ónotaða atkvæðaseðla osfv. Miðað við til verkferla landskjörstjórnar og ákvæða í kosningalögum nr. 112/2021 og eins verkferla yfirkjörstjórna í sveitarfélögum við kosningar til sveitarstjórna að reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar eru ákvæðin og verkferlar mjög áþekk og ætla má því að taka skuli mið af verkferlum kosningalaga.

Þegar skoðaðar eru 127.gr., 128.gr og 129.gr Kosningalaga sem fjalla um kærufrestur ákvæði vegna kosninga má sjá að 128.gr tekur m.a. á kærufrestur vegna sveitarstjórnarkosninga. Í öllum fyrrgreindum greinum kveður á um að kærufrestur má kosningaúrslit o.s.frv innan sjö daga frá lýsingu kosninga. Í Alþingiskosningum getur það gerst 2-4 dögum eftir lok kjördags, að landskjörstjórn lýsi kjöri og þá hefst talningin á sjö daga kærufrestur.

Í [119 a.gr](#) í kosningalögum kemur eftirfarandi fram:

Yfirlýsing um kosningaúrslit og skil á kosningaskýrslum.

☐ *Jafnskjótt og tilkynning, sbr. 119. gr., hefur verið send skal yfirkjörstjórn sveitarfélags lýsa úrslitum kosninganna með því að birta á vef sveitarfélagsins upplýsingar um úrslitin og hverjir náðu kosningu sem aðalmenn og hverjir eru varamenn.*

☐ *Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal innan þriggja daga frá því að úrslitum er lýst skila landskjörstjórn kosningaskýrslu, á eyðublaði sem landskjörstjórn lætur í té, þar sem gerð er grein fyrir úrslitum kosninganna, sbr. 116.–118. gr., heildarfjölda greiddra atkvæða og fjölda ógildra og auðra seðla. Landskjörstjórn skal birta kosningaskýrslurnar á vef sínum.*

Þarna kemur skýrt að yfirkjörstjórn eigi að birta á vef sveitarfélaganna upplýsingar um úrslitin eftir að búið er ganga frá formsatriðum 119. gr. kosninga laganna, sem kveða á um að senda öllum ný kjörnum fulltrúum og vara fulltrúum tilkynningu um kjör þeirra og jafnframt að senda sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna. Fyrst þá má lýsa úrslitum kosninganna og kærufrestur byrjar að telja. Yfirkjörstjórnir fara að öllu réttu í þessa vinnu á öðrum eða þriðja degi eftir kjördag en eru yfirleitt ekki að vinna í bréfaskriftum og frágangi að kvöldi kjördags.

Eins og kom fram hér að ofan þá er reglugerð um íbúakosningar áþekk kosningalögum. Þar kemur fram að það eigi að skrifa og skila greinargerð til sveitarstjórnanna um framkvæmd og úrslit kosninganna, lýsa kosningaúrslitum opinberlega og sjö daga kærufrestur byrjar að telja eftir opinberar lýsingar. Sjá í 5. gr. reglugerðar íbúakosninga.

Að þessum forsendum gefnum þá óska ég því eftir að ráðuneytið úrskurði um framkvæmd og stjórnsýslu við íbúakosningar vegna sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Eins óska er óskað eftir að ráðuneytið upplýsi undirritaðan hver er kærufrestur í nýafstöðnum íbúakosningum sem fyrst, sé hann sé byrjaður að telja. Almennir kjósendur í fyrrnefndum sveitarfélögum hafa ekki fengið tilkynningu um kærufrest, núna á sjöunda degi eftir kjördag.

B)

Aðgangur að gögnum:

Ég Pétur Davíðsson, kæri hér með til Innviðaráðuneytisins drátt á afhendingu gagna með vísan til 28 gr. og 9 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eins 21 gr. samþykktu um Stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur 250/2025.

Liðinn er meira en mánuður síðan ég lagði fram 2 bókanir í hreppsnefnd Skorradalshrepps þar sem ég óskaði eftir gögnum er varðar tillögu sameiginlegrar kjörstjórnar ásamt gögnum er varðar samstarfsnefnd Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Voru þessar beiðnir gerðar með vísun til 21. greinar samþykktu um stjórnar sveitarfélagsins Skorradalshrepps og í einnig með vísan í Upplýsingalög nr. 140/2012 um afhendingu gagna, en þar er gefinn sjö daga frestur um að afhenda gögn. Sjá fundargerð sveitarstjórnar Skorradalshrepps frá 13. ágúst s.l.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps viku síðar, þann 20. ágúst s.l. ítrekaði ég beiðni mína þar sem gögnin höfðu ekki borist innan þeirra sjö daga sem skylt er að afhenda mér umrædd gögn. Einnig óskaði ég eftir kostnaðaráætlun vegna sameiningakosningar og að hún yrði lögð fram á næsta fundi hreppsnefndar. Mér hefur ekki borist gögn um frest á afhendingu þeirra gagna sem ég óskaði eftir frá þeim aðilum sem eru ábyrgir fyrir því að taka þau saman. Einnig óskaði ég eftir afrit af öllum reikningum sem tengjast samstarfsnefndinni um hugsanlega sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps á fyrrgreindum fundi þann 20. ágúst s.l. þau gögn hafa heldur ekki borist.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps þann 4. september s.l. var lagður fram tölvupóstur frá sviðsstjóra Fjármála- og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar um að verið væri að vinna að þessum beiðnum og svör myndu berast jafn skjótt og allir málsaðilar væru búnir að taka saman þau gögn sem beiðnirnar ná til. Ekki var sótt um frest til að afla og skila þessum gögnum umfram þá sjö daga sem upplýsingalög kveða á um.

Meðfylgjandi er fundargerð no. 210 hreppsnefndar Skorradalshrepps frá 13. ágúst s.l., þar sem sjá má hverra gagna var óskað eftir. Sjá viðhengi 1 og fundarliður nr. 2 (yfirstrikað með gulu).

Í fundargerð nr. 211 hjá Hreppsnefnd Skorradalshrepps frá 20. ágúst s.l. má sjá hvar krafan var ítrekuð og óskað var eftir frekari gögnum. Fundarliður 6 og 7.

Í fundargerð nr. 212 hjá hreppsnefnd Skorradalshrepps, fundarliður nr. 12. Leggur oddviti fram svar frá Borgarbyggð um afhendingu gagna (yfirstrikað með gulu). Ekki var óskað eftir fresti til gagnaöflunar.

Í fundargerð nr. 213 hjá hreppsnefnda Skorradalshrepps, frá 17. september s.l. boða ég til í lok fundarkæru til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál og í ljósi þess og á grundvelli 4 mgr. 9 gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eins 3. mgr. 17 gr. Þarna voru komnir meira en 35 dagar síðan fyrri beiðnin var lögð fram.

Túlka má þetta því sem kæru vegna dráttar á afhendingu gagna. Ábyrgð fyrir afhendingu gagna liggur hjá Borgarbyggð, Skorradalshreppi, Samstarfsnefnd um sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, sameiginlegar kjörstjórnar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps ásamt Ráðgjafarsviði KPMG.

Með fylgja tölvupóstssamskipti á milli oddvita Skorradalshrepps og sviðsstjóra Borgarbyggðar.

Mánudaginn 22. september s.l. framsendi oddviti Skorradalshrepps mér og öðrum í hreppsnefnd Skorradalshrepps eftirfarandi svar frá formanni samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

“Góðan dag,

Við er til upplýsingabæði Péturs Davíðssonar til sveitarstjórnar Skorradalshrepps vegna vinnu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna.

Rétt er að halda til haga að samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir sem hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Í því felst að samstarfsnefnd er sjálfstæð í sínum störfum við mótun þess álits sem henni ber að skila varðandi tillögu um sameiningu sveitarfélaganna sem verður lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu.

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur skilað áliti sínu, ásamt tillögu að tímabili kosninga. Með áliti samstarfsnefndar fylgdi fyrirmynd að atkvæðaseðlum.

Aðgangur sveitarstjórnarfulltrúa Skorradalshrepps samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarkast við þau málafni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Vinnugögn stjórnvalds eru undanþegin upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum. Vinnugögn samstarfsnefndar verða því ekki afhent.

Meðfylgjandi eru þau gögn sem fyrirspyrjandi hefur óskað eftir og samstarfsnefnd telur skylt að afhenda.

Gögnin eru eftirfarandi:

- Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við óformlegar sameiningarviðræður sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar ásamt
- Svar ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs við umsókn um stuðning við óformlegar viðræður.
- Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar. Þar má m.a. finna kostnaðaráætlun vegna atkvæðagreiðslu.
- Svar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við umsókn um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir verkefnishóps í óformlegum viðræðum.
- Fundargerðir samstarfsnefndar í formlegum sameiningarviðræðum

Álit Samstarfsnefndar, tillaga að kjördegi og tillaga að kjörseðli lágu fyrir við afgreiðslu sveitarstjórnar og fyrirspyrjandi hefur áður fengið aðgang að þeim. Utgefnar greiningar og kynningar eru aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins <https://borgfirdingar.is>“.

Kveðja,“

Undirritaður ítrekaði í svari til oddvita Skorradalshrepps þann 26. september s.l. að ég krefðist ennþá þessara umbeðnu gagna frá samstarfsnefndinni og ítrekaði beiðni um önnur gögn, í krafti 21. gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshrepps og eins 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Hljóðaði svar mitt þannig:

“Sæll Jón!

Þetta er ekki fullnægjandi skil. Ég get ekki túlkast sem almenningur eins og kemur fram í svari formanns samstarfsnefndarinnar. Ég er sveitarstjórnarmaður.

Eins og kom fram í beiðni minni þá vísaði ég einnig til samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur. Þar kemur fram í 21 gr. um aðgang að gögnum:

„21. gr. Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski sveitarstjórnarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélags skal beina því til oddvita sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og

unnt er. Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitastjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.“

Samsvarandi grein er í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og þar gefin 3 daga frestur að útvega þessi gögn. Undirritaður bað um þessi gögn þegar þau voru og eru til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Samstarfsnefndin starfar undir þessum samþykktum um stjórn sveitarfélaganna og því eiga öll gögn sem óskað er að afhendast, hvort sem er tölvupóstar, vinnugögn og fleira sem kom fram í beiðni minni.

Í dag vantar ennþá til viðbótar afrit að öllum reikningum og fylgiskjölum er varðar samstarfsnefndina, alla tölvupósta er varða vinnu, fundarboð og samskipti á milli nefndarmanna í samstarfsnefndinni og aðra er varðar vinnu samstarfsnefndarinnar. Einnig öll vinnugögn KPMG er söfnuðust á almennum íbúafundum og samskipti þar á milli KPMG og samstarfsnefndarinnar. Eins öll samskipti á milli Jöfnunarsjóðs og Innviðaráðuneytisins við fulltrúa í samstarfsnefndinni og embættismenn Borgarbyggðar.

Einnig vantar ennþá öll samskipti svo sem tölvupósta til og frá kjörnefndarfulltrúum, bréf og allt sem tengist samskiptum er varðar sameiginlega kjörstjórn sveitarfélaganna. Jafnframt vantar einnig kostnaðaráætlun vegna sameiningarkosninganna sem var óskað eftir þann 20. ágúst. Á fundi samstarfsnefndarinnar þann 26. ágúst s.l. var KPMG falið að vinna þetta, en ekkert hefur borist ennþá til sveitarstjórnar.

Óskað er eftir að öll þessi gögn verði klár strax til afhendingar enda komið yfir 40 dagar síðan að óskað eftir þeim.

*Með kveðju,
Pétur Davíðsson
Sveitarstjórnarmaður í Skorradalshreppi.”*

Óska ég eftir úrskurði ráðuneytisins á þessum óeðlilegum og óhæfum drætti á afhendingu gagna til undirritaðs með vísan 18. gr. sveitarstjórnarlaga, 21.gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins og XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þessi dráttur gagna hefur þegar verulega skert þann rétt minn sem sveitarstjórnarmanns til að fara yfir það hvort allir ferlar í tengslum við samstarfsnefndina, og/eða kjörstjórnina hafi fylgt settum reglum laga og reglugerða og þannig gæti ég metið hvort einhver atriði sem þarf hugsanlega koma fram sem munu hafa áhrif á lögmæti íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

Ég vil minna á leiðbeiningaskyldu stjórnvalds, ef eitthvað betur má fara í þessari kæru með vísan til 15 gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Áskil ég mér rétt til að koma með frekari gögn, athugasemdir eða skýringar málinu til skýringar.

Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson, sveitarstjórn Skorradalshrepps